

**Nd.** **231. Breytingartillaga** [42. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o. fl.

Frá Halldóri Ásgrímssyni, Guðmundi J. Guðmundssyni, Ingólfi Guðnasyni og Albert Guðmundssyni.

3. gr. orðist svo:

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs skal veita ríkisábyrgð fyrir lánnum að fjárhæð allt að 42 millj. kr. til þeirrar deildar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sem tekur til afurða síldar- og fiskimjölsverksmiðja, til þess að gera þessari deild sjóðsins kleift að standa undir greiðslum vegna verðbóta á loðnuafurðir af framleiðslu tímabilsins 1. október til 31. desember 1981.